

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 177/1999

frá 17. desember 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 1999/37/EB frá 29. apríl 1999 um skráningarskjöl fyrir ökutæki⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 24b (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2411/98) í XIII. viðauka við samninginn:

„24c. **399 L 0037:** Tilskipun ráðsins 1999/37/EB frá 29. apríl 1999 um skráningarskjöl fyrir ökutæki (Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 57).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkin skulu gefa út skráningarvottorð byggð á fyrirmyndinni, sem er lýst í I. viðauka við tilskipunina, eða byggð á fyrirmyndinni, sem er lýst í I. og II. viðauka við tilskipunina, með eftirfarandi leiðréttingum:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L , 1.3.2001, bls. og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. , 1.3.2001, bls. .

⁽²⁾ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 57.

- a) í öðrum undirlið IV. liðar I. viðauka bætist við eftirfarandi:
„IS Ísland
FL Liechtenstein
N Noregur“;
- b) í fjórða undirlið IV. liðar I. viðauka komi orðin „tungumálum Evrópusambandsins og annarra EFTA-ríkja“ í stað „öðrum tungumálum Evrópubandalagsins“;
- c) í fimmta undirlið IV. liðar I. viðauka komi orðin „Evrópska efnahagssvæðið“ í stað „Evrópubandalagið“;
- d) í öðrum undirlið IV. liðar II. viðauka bætist við eftirfarandi:
„IS Ísland
FL Liechtenstein
N Noregur“;
- e) í fjórða undirlið IV. liðar II. viðauka komi orðin „tungumálum Evrópubandalagsins og annarra EFTA-ríkja“ í stað „öðrum tungumálum Evrópubandalagsins“;
- f) í fimmta undirlið IV. liðar II. viðauka komi orðin „Evrópska efnahagssvæðið“ í stað „Evrópubandalagið“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 1999/37/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 17. desember 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner